

Nd.

52. Frumvarp til laga

um stofnun húsmæðrakennarskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Flm.: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Í Reykjavík eða nágrenni hennar skal setja á stofn húsmæðraskóla og í sambandi við hann húsmæðrakennarskóla Íslands.

Húsmæðraskólinn skal veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni.

Húsmæðrakennarskóli Íslands, sem skal vera framhaldsdeild húsmæðraskólans, skal veita konum þá kunnáttu, sem gerir þær færar um að takast á hendur kennslu við húsmæðraskóla landsins eða við störfum, þar sem þörf er á svipaðri kunnáttu.

2. gr.

Skólinn skal hafa aðstöðu til að geta verið heimangönguskóli fyrir nemendur, sem heimili eiga í Reykjavík. Í skólanum skulu vera heimavistir fyrir 40 til 50 nemendur og kennslustofur eftir því sem þörf krefur, ennfremur íbúð fyrir forstöðukonu, fasta kennara og þjónustufólk, svo og annað húsrúm, er nauðsynlegt er slíkum skóla. Skólinn skal byggður eftir uppdrætti, samþykktum af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum forstöðukonu og skólaráðs. Skal skólinn vera húinn öllum nauðsynlegum tækjum til kennslu húsmæðra og húsmæðrakennara.

3. gr.

Skólinn skal hafa til umráða allt að 5 ha. af landi, þar sem hafa má garðyrkju, alifuglarækt og annan búskap, eftir því sem þörf þykir og ástæður leyfa.

4. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í húsmæðrakennarafræðum. Skal hún skipuð af kennslumálaráðuneytinu, eftir tillögum skólaráðs. Fastir kennarar skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, með samþykki forstöðukonu og skólaráðs, en aðra starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólaráðs. Í skólaráði skulu sitja 3 konur. Skal 1 vera skipuð af kvenfélagasambandi Íslands, 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur og 1 af stjórnarráði Íslands, og skal hún vera formaður skólaráðs.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði skólans, gegn $\frac{1}{3}$ annarsstaðar að. Starfræksla skólans skal kostuð af ríkisé, og stendur skólinn undir umsjón kennslumálaráðuneytisins, sem setur reglugerð um fyrirkomulag hans, svo og hverjar námsgreinar kenndar séu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda, þá er fé hefir verið veitt til stofnunar skólans samkv. 5. gr. hér að framan. Skólaráð og forstöðukonu skal skipa strax og fé hefir verið veitt til stofnunar skólans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt. Fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpið er samið að tilhlutun kvenfélagasamhands Íslands, sem hefir látið fylgja því til flutningsmanna eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem á seinni árum hafa orðið í þjóðlífínu, stendur sú staðreynd þó óhögguð, að aðalstarf flestra kvenna er húsmóðurstarfið. Það skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að það starf sé vel rækt. Á því veltur að miklu leyti uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar og hagnýting efna þeirra, er þarf til að fæða og klæða þjóðina. Þetta getur því aðeins farið vel úr hendi, að hinum ungu konum sé gefinn kostur á að afla sér þeirrar menntunar, sem gerir þær hæfar til að leysa starf sitt vel af hendi, bæði í andlegum og verklegum eignum. Þessa fræðslu eiga þær að fá á heimilunum, í barnaskólum og húsmæðraskólum. Skulum vér nú sérstaklega taka húsmæðraskólamálið til athugunar.

Það eru nú rúm 60 ár síðan hinn fyrsti kvennaskóli var settur á stofn hér á landi, og 38 ár síðan fyrsti húsmæðraskóli landsins tók til starfa. Síðan þessir skólar hófu göngu sína, hefir mikil breyting orðið á menntamálum kvenna. Konur hafa fengið aðgang að öllum skólum landsins. Einnig hafa verið stofnsettir margir sérskólar fyrir konur. Það mætti því virðast svo sem eigi væri þörf nýrra skóla til menntunar kvenna. Þetta er þó eigi svo í raun og veru, og skulu hér færð nokkur rök því til sönnunar.

Sem stendur er nú húsmæðrafræðsla veitt í þessum skólum:

Vestfirðir: 1 skóli (á Ísafirði, 2 fjögura mán. námskeið, nemendur samt. 32).

Suðvesturland: 1 skóli (á Staðarfelli, 15 nemendur 7½ mán., 22 stúlkur hafa sótt síðastliðið ár).

Norðurland: 2 skólar (á Blönduósi og Laugum; á Blönduósi eru nú 33 nemendur, átta mán. námskeið. Fyrir næstu ár hafa nú þegar sótt 50 stúlkur. Á Laugum eru 15 nemendur 6 mán. Auk þess mun bráðlega verða komið upp skóla í Eyjafirði).

Austurland: 1 skóli (á Hallormsstað, 25 nemendur, 6 mán.).

Suðurland: 1 skóli (Húsmæðradeild kvennaskólans í Reykjavík hefir nú þriggja mán. námskeið, 12 nem. á hvoru).

Auk þess, sem hér er greint, hefir verið reynt að bæta úr brýnni þörf með umferðakennslu og stuttum námskeiðum víðsvegar um land.

Eins og séð verður af ofangreindu, munu um 188 nemendur geta notið kennslu í skólum þeim, sem nú eru til. Árið 1930 voru heimili á landinu talin 20976 alls, og skiptast þau þannig: Suðvesturland 9267, Vestfirðir 2450, Norðurland 4934, Austurland 1907, Suðurland 2418. Virðist skýrsla þessi bera með sér, að á Vestur-, Norður- og Austurlandi sé samilega séð fyrir húsmæðrafræðslunni. Aftur á móti virðist svo sem löggjafarnir hafi gleymt Suðvesturlandi (a. u. Dalasýslu), Suðurlandi og Reykjavík, þar sem þó eru 9636 heimili og 2526 stúlkur á 15—19 ára aldri, þar af í Reykjavík einni 5574 heimili og 1512 stúlkur á 15—19 ára aldri.

Eins og kunnugt er, hafa íslenskir húsmæðrakennarar hingað til þurft að sækja menntun sína til útlanda. Nú er það ljóst, að hvert land hefir að einhverju leyti sérstöðu með tilliti til framleiðslu fæðuefna. Er því nauðsynlegt, að húsmæðrakennarar hafi sem viðtekasta þekkingu á innlendri fæðuefnafræði og matargerð, jafnframt því sem tekið er tillit til þeirra nýjunga sem fram koma, innanlands sem utan, í þessari grein. En til þess að þetta geti orðið, þarf að koma á stofn innlendum skóla fyrir húsmæðrakennara, þar sem þeir geti öðlzt menntun, sem sé á borð við það, sem krafist er af slíkum kennurum á Norðurlöndum.

Gegnum hendur húsmæðranna fara matvæli og fatnaður, og þar af má telja innlendar búsafurðir og fisk 19 millj. króna virði. En vefnaðarvörur og fatnaður hafa verið flutt til landsins fyrir 8400000 kr. Þar við bætist svo kornvara og nýlendu-vörur, sem einnig skipta milljónum.

Þar sem vér höfum nú sýnt fram á þörfina á því að stofnsetja nýjan húsmæðraskóla, virðist oss sjálfsagt, að hann verði byggður þannig, að þar geti verið framhaldsdeild fyrir þær konur, sem vilja fá kennaramenntun í húsmæðrafræðum.

Við samningu laganna höfum vér lagt til grundvallar lög nr. 37 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Að því er snertir einstakar greinar frumv. viljum vér taka fram það, sem hér segir.

Við 1. gr.

Skóli sá, er hér ræðir um, er ætlað til, að sé í tveimur deildum, húsmæðraskóli og húsmæðrakennaraskóli. Viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að skóli þessi standi í eða við Reykjavík, bæði með tilliti til vöntunar á húsmæðraskóla þar, og einnig vegna þess, að það er álit vort, að húsmæðrakennaraskólinn hafi hvergi á landinu jafngóð skilyrði til að hagnýta það bezta, sem völ er á hér á landi að því er varðar kennslukrafta, kennsluáhöld og hráefni.

Í húsmæðradeildinni á að kenna öll þau fræði, sem nauðsynleg eru húsmæðrum, hvort heldur er í kaupstöðum eða sveitum. Kennsla sé bæði verkleg og bókleg. Námsstímann mætti miða við 5 mánuði, og væri þá hægt að hafa tvö námskeið á ári hverju. Skóla þessum er ætlað sama verkefni og öðrum húsmæðraskólum landsins.

Húsmæðrakennaraskólinn er hugsaður sem sjálfstæð deild, er taki við þeim nemendum, sem fullnaðarpróf hafa tekið í húsmæðradeildinni eða öðrum húsmæðraskólum landsins og vilja afla sér kennaramenntunar. Vér hyggjum, að námstími í skóla þessum þurfi að vera 2 ár. Ætla þyrfti skólanum húsrúm fyrir 10—12 nemendum. Teljum vér sjálfsagt, að þessir nemendur verði alltaf í heimavist. Próf frá skóla þessum veitir aðgang að kennarastöðum við húsmæðraskóla landsins og við verklegar námsgreinir í barnaskólunum. Einnig ættu þær konur, sem slikt próf hafa tekið, öðrum-fremur að sitja fyrir, þegar veittar eru ráðskonustöður við heimavistar-skóla, sjúkrahús eða aðrar slíkar stofnanir.

Við 2. gr.

Ætlað er til, að skóli þessi verði aðallega heimavistarskóli. En sjálfsagt þykir, að hann geti einnig verið heimgönguskóli fyrir stúlkur úr Reykjavík. Ennfremur er ætlað til, að þar verði haldin stutt námskeið fyrir húsmæður í Reykjavík. Af þeim 50 heimavistum, sem gert er ráð fyrir, verður stöðugt að ætla 10 til 12 fyrir nemendur húsmæðrakennaraskólans.

Til undirbúnings skólans þarf að vanda eftir beztu föngum. Er því gert ráð fyrir, að leitað sé til sérfræðinga í húsmæðrafræðum um fyrirkomulag hyggingarinnar og allan útbúnað. Séð skal fyrir því, að skólinn hafi aðstöðu til rannsókna á hagnýtingu ýmsra innlendra fæðuefna og njóti aðstoðar rannsóknarstofnana ríkisins í þeim efnum. Um ýmsar námsgreinir, svo sem heilsu- og lífeðlisfræði, meðferð ungbarna o. fl. mundi skólinn að sjálfögðu þurfa að njóta styrktar Háskóla Íslands og landspítalans.

Við 3. gr.

Nauðsynlegt þykir, að skólinn hafi land til umráða. Ætti það að liggja umhverfis skólabyggingarnar, vera í góðu skjóli og vel fallið til ræktunar, einkum garðyrkju og trjáræktar. Á skólanum þarf að fara fram garðyrkjukennsla, bæði verkleg og bókleg. Ennfremur kennsla í meðferð mjólkurkúa, svína og alifugla. Allt þetta þarf að vera í sambandi við skólann, — þó í smáum stíl — en starfrækt þannig, að til fyrirmyndar sé, enda ætlað til, að nemendur taki virkan þátt í þessum störfum.

Við 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að ein forstöðukona stýri báðum deildum skólans. Skal hún hafa sér til aðstoðar kennslukonu, er aðallega sér um húsmæðraskólann, svo og aðra kennslukrafta, er þörf er á. Forstöðukonan þarf að hafa mjög góða menntun í öllum þeim greinum, sem að húsmæðrafræðslu lúta, enda sé vandað til annara kennslu-

krafta. Til umsjónar með skólanum sé skipað skólaráð. Í því sitji konur eingöngu. Það á að vera í ráðum með forstöðukonu um öll vandamál skólans.

Við 5. gr.

Ætlazt er til, að rikissjóður leggi fram $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði skólans, en Reykjavíkurbær eða aðrir $\frac{1}{3}$. Þetta ákvæði er í samræmi við lög nr. 37 26. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Réttmætt þykir, að Reykjavíkurbær leggi fram ofangreindan hluta af stofnkostnaðinum, þar eð stofnun þessa skóla mundi bæta úr mjög aðkallandi þörf og verða til ómetanlegs gagns fyrir bæinn, beint og óbeint. Hinsvegar er oss fyllilega ljóst, að ríkis- og bæjarsjóður hafa, eins og nú standa sakir, lítið fé til umráða fram yfir brýnustu útgjöld. En vel má þó byrja undirbúning allan þegar á þessu ári. Mundi atvinnubótavinnan verða til meiri nytsemdar á annan hátt en þann, að hún væri látin ganga til undirbúnings byggingar húsmæðraskóla? — Vér vonum fastlega, að ríkisstjórnin og bæjarstjórn Reykjavíkur taki þetta mál til athugunar og komi því til leiðar, að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Í reglugerð er ætlazt til, að séu nákvæm ákvæði um alla stjórn og fyrirkomulag skólans, hvernig kennslunni verði hagað og hverjar námsgreinir kenndar séu.

Við 6. gr.

Þarf eigi skýringar að öðru en því, að rétt þykir, að forstöðukona og skólaráð geti verið með í ráðum um allan undirbúning varðandi skólann, þar sem með því má koma í veg fyrir ýmiskonar mistök.

Akureyri, 4. september 1935.

Jónína Sigurðardóttir.

Ragnhildur Pétursdóttir.

Margrét Friðriksdóttir.